

Alþingi
Erindi nr. P 138/22SI
komudagur 14.5.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjarnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. maí 2010

1004019SA GB
Málalykill: 133

Efni: Umsögn um frv. til lögreglulaga, 586. mál og frv. um framkvæmdavald ríkisins í héraði, 513. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum. Þar sem frumvarpið tengist frumvarpi til laga um breytingu á lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði er í umsögn þessari tekin afstaða til beggja ofangreindra frumvarpa. Stjórn sambandsins samþykkti umsögn þessa á fundi sínum þann 7. maí 2010.

1. Um breytingu á lögreglulögum

Með frumvarpinu er lagt til að lögregluumdæmum fækki úr 15 í 6 en nánari afmörkun þessara umdæma verði ákveðin í reglugerð sem dóms- og mannréttindaráðherra setur. Í 2. gr. frv. er jafnframt kveðið á um að ráðherra geti falið einstökum lögreglustjórum umsjón tiltekinna verkefna á landsvísu.

Þrátt fyrir fækkun lögregluumdæma er í 2. gr. frv. heimilað að ráðherra feli sýslumanni daglega lögreglustjórn í umdæmi hans, í umboði viðkomandi lögreglustjóra. Í skýringum við greinina kemur fram að með því verði unnt að taka tillit til aðstæðna í einstökum landshlutum, þar sem samgönguferðleikar og ákveðin einangrun geri að verkum að heppilegt sé að halda í það fyrirkomulag að dagleg verkstjórn sé í höndum sýslumanns.

Í 5. gr. frv. er lögð til sú breyting að fleiri en ein samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar geti starfað í hverju lögregluumdæmi. Haft var samráð við sambandið um þessa breytingu, sem er m.a. gerð með hliðsjón af því hve víðfeðm lögregluumdæmi geta orðið, t.d. á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Í 10. gr. frv. eru lagðar til breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem fela í sér að leyfisveitingar sem til þessa hafa verið verkefni lögreglustjóra færast á verksvið sýslumanna. Stærsta breytingin er sú að útgáfa leyfa skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, verður framvegis verkefni sýslumanna.

Samkvæmt kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að ef frumvarpið verður óbreytt að lögum megi ná fram árlegum sparnaði sem nemur á bilinu 330 til 450 milljónum króna. Jafnframt er markmið frumvarpsins að ná fram aukinni skilvirkni í löggæslu með hlutfallslegri fækkun yfirmanna á lögregluembættum, sbr. greinargerð starfshóps sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Þær skipulagsbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru því bæði byggðar á faglegum og fjárhagslegum forsendum.



Samband Íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við framangreindar breytingar en bendir á að fækkun lögregluembættanna mun snerta einstaka landshluta á misjafnan hátt. Þannig þarf að gæta sérstaklega að áhrifum hagræðingaraðgerða hjá lögregluembættum á einstök byggðarlög og er lögð áhersla á að fullt tillit verði tekið til umsagna sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga um mörk lögregluumdæma og aðrar aðgerðir sem ákveðnar verða á grundvelli laganna.

2. Um breytingu á lögum um framkvæmdavald í héraði


Í frumvarpinu er lagt til að við lög nr. 92/1989 bætist bráðabirgðaákvæði sem heimili ráðherra að fela starfandi sýslumanni í einu umdæmi stjórn annars sýslumannsumdæmis, í stað þess að auglýsa það sýslumannsembætti laust til umsóknar. Í skýringum við frumvarpið er tilgreind sú ástæða fyrir breytingunni að unnið sé að greiningu á sameiningarmöguleikum og framtíðarskipulagi sýslumannsembættanna. Á meðan sú vinna fari fram sé ekki réttlætjanlegt að auglýsa laus til umsóknar sýslumannsembætti sem verði mögulega lögð niður eða breytt.

Fallast má á það að frumvarpið stuðli að því markmiði að skapa svigrúm til nauðsynlegrar endurskipulagningar á skipulagi sýslumannsembættanna. Jafnframt mun það spara ríkissjóði umtalsverð útgjöld á þeim tíma sem bráðabirgðaákvæðið verður í gildi. Sambandið leggur hins vegar áherslu á að ríkt samráð verði haft við sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á fjölda og verkefnum sýslumannsembættanna.

Af hálfu sveitarfélaga er sérstök áhersla lögð á að ekki verði snúið til baka af þeirri braut sem dóms- og mannréttindaráðuneytið hefur beitt sér fyrir, að færa stjórnarsýsluverkefni til sýslumannsembættanna með það að markmiði að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Í því sambandi ítrekar sambandið mikilvægi þess að á landsbyggðinni bjóðist áfram störf fyrir fólk með háskólamenntun.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri